

Heimsóknir og notkun á Bókasafni Grundarfjarðar og safnkosti Grunnskóla Grundarfjarðar 2013

http://www.grundarfjordur.is/default.asp?sid_id=20569&tre_rod=001|008|001|&tld=1

Safnkostur Grunnskóla Grundarfjarðar innan Gegnis er í umsjá Bókasafns Grundarfjarðar og eru upplýsingar um eintök beggja safnanna aðgengilegar á vefnum á <http://gegnir.is>. Eitthvað af erlendum bókum á bókasafni eru ekki tengdar Gegni vegna þess að þær eru ekki skráðar þar. Sjá skrá undir 'safnkosti' á vefsíðu.

	2006	2009	2010	2011	2012	2013
Íbúar 1.des árið fyrr	974	910	904	903	899	905
Skráðir lánþegar	396	343	340	296	277	258
Virk skírteini fullorðnir	142	111	130	147	66	79
Börn eftir kl. 15		36	25	33	25	35
Starfsmenn/st.gildi	3 / 1,32%	3 / 1,26%	3 / 1,26%	2 / 1,1%	2 / 1,1%	2 / 1,1%
Vikur vetrar	39	41	41	40	39	40,75
Vikur sumars	13	11	10	10	6	6

Lykiltölur 2013:

Íbúar Grundarfjarðar voru 905 þann 1. des. 2013.

Opið var 42 vikur yfir veturinn og 10 daga að sumrinu. Þjónustutími var 12 klst. á viku eftir kl. 15 yfir veturinn og 20 tímar fyrir nemendur grunnskólans á morgnana. Opið var 5 klst. þá daga sem opið var yfir sumarið. Starfsmenn eru tveir í 1,11 stöðugildum. Þar af vinnur forstöðumaður við skjalahreinsun á skrifstofu bæjarins í 15% stöðugildi.

Sunna Njálisdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur er forstöðumaður vann eftir kl. 15 á opnunartíma á vormisseri en frá 14-18 eftir flutning í Sögumiðstöðina í október og við önnur störf annan tíma dagsins. Salbjörg Nóadóttir sér um skólasafnsvinnuna fyrir hádegi.

Safngögn

	2006	2009	2010	2011	2012	2013
Eign 31. des.	27.766	30.787	31.312	32.221	31.467	31.116
Þar af tímaritshefti	2.511	2.968	3.042	3.085	2.632	2.741
Þar af mynd + hljóð	854	1.013	1.078	1.064	1.117	918
Í deildum skóla	8.985	10.471	10.727	11.429	11.476	12.445#
Á alm-bókasafni	18.602	20.316	20.450	20.927	19.991	18.671

Eign 31. des. 2013 voru 31.116 eintak tengt Gegni og eitthvað af erlendum bókum, ótengdar. Grisjun tvítaka og úreltra gagna 1.567 eintök.

Afskriftir safnkosts	2005-2010	2011	2012	2013
BGr. samkvæmt Landskerfi	4899	291	1.383	1.087
GGr. samkvæmt Landskerfi	886	50	435	480#

Eftir er að afskrifa nokkur hundruð bækur og gögn grunnskólans sem tekin voru úr notkun.

50 bækur voru þáðar að gjöf 2013 auk bóka sem settar voru í flökkubókahilluna. Gefendum eru færðar bestu þakkir fyrir hugulemina.

Samanburður heimsókna 2002-2013

Ár	Fullorðnir eftir kl. 15	Börn eftir kl. 15	Leikskóla-börn	Nemendur grunnskólans	Fjöldi heimsókna alls
2002	1.464	1.352	100	4.208	7.024
2003	1.291	1.577	100		Talningu ábótavant
2004	1.132	798	60	2.934	4.864
2005	1.360	679	70	u.þ.b. 2.500	4.539
2006	1.187	615	73	u.þ.b. 1.375	3.135
2007	1.144	509	40	u.þ.b. 1.375	2.889
2008	1.124	670	48	1.280*	3.122
2009	1.201	531	58	1195	2985
2010	1238	406	34	932	2.610
2011	1.027	322	48	550	1.947
2012	1.055	300	47	725	2.127
2013	1.070	277	34	730	2.111

* Ath.: Röng samlagning í ársskýrslu 2008

Árið 2013 komu 1.-7. bekkur u.þ.b. einu sinni í viku í heimsókn á bókasafnið á vormisseri en skólabókasafnið flutti þjónustuna inn í grunnskólann í ágúst.

Talning heimsókna fer fram daglega. Skráðir lánþegar árið 2013:

Virk skírteini fullorðinna voru 79 og fengu þeir lánuð 2.914 gögn í 1070 heimsóknum.

35 börn komu 277 sinnum á bókasafnið eftir kl. 15:00.

Í grunnskólanum voru 104 nemendur og 16 kennarar/starfsfólk.

Gestir samtals: 2.111 heimsóknir á ári, 6,3 (7)** að meðaltali á dag (162 dagar) og er það 0,7% (1,2 %) af 905 íbúum sveitarfélagsins á dag. **Tölur innan sviga vísa til áranna á undan.

Vefsíða Bókasafnsins

Heimsóknir á vefsíðu bókasafnsins. Talning er ekki tiltæk.

Um 20 síður eru uppfærðar reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir efni tengt sveitarfélaginu, frönsku sjómönnum, Snæfellsnesi, norrænni goðafræði og Eyrbyggjasögu; rafrænt efni, safnfræðsla, kynningar bókasafnsins, upplýsingar á ensku o.fl.

Bókasafn Grundarfjarðar er á Facebook.

Samanburður útlána 2002-2013

	Útlán til fullorðinna	Útlán til barna og nemenda*	Útlán til starfsfólks	Útlán alls
2002	4.282	4.654	446	9.382
2003	3.670	7.290	1.065	12.025
2004	4.112	4.902	1.522	10.536
2005	4.119	5.405	715	10.239
2006	3.492	5.314	1.237	10.043
2007	3.257	4.402	648	8.307
2008	3.148	6.129	400	9.677
2009	3.348	5.073	511	8.932
2010	3.161	4.291	494	7.946
2011	2.839	4.509	327	7.675
2012	2.988	4.095	317	7.400
2013	2.638	3.153	276	6.067

*Einnig lán í skólastofur.

Útlán 2013: 6.067 eintök.

Útlán á íbúa: eintök 8,5 (8,78).

Ef námsbækur eru undanskildar, 846 eintök, má ætla að hver íbúi hafi fengið lánaðar rúmar 5,8 (7) bækur (2004: 10 stk.). Útlán í stærri bókasöfnum landsins er á bilinu 8-12 eintök á íbúa en fara niður í 4-5 á minni bókasöfnum.

Notkun rafrænna námsbóka og hljóðbóka skýrir að hluta fækkun útlána á námsbókum.

Grunnskólinn

Hver nemandi í 1. – 7. bekk grunnskólans kom á tveggja vikna fresti í heimsókn á skólatíma (litlir bekkir vikulega) fram á vor en skólabókasafnið flutti þjónustuna inn í grunnskólann í ágúst. Nemendur fengu 3.153 eintök lánuð (í bekkjarheimsóknum og eftir kl. 15:00). Kennarar og starfsfólk fengu 276 eintök. Í þessum tölum teljast námsbækur (846 stk.) með. Umsjón var í höndum Salbjargar Nóadóttur og kynnti hún þeim bókmenntir og leiðbeindi um hegðun á bókasafni. Hluti þessara tíma fer í að velja bækur til að fara með heim og til skólastofu og gæta þess að þær séu notaðar og verði ekki innlyksa á heimilum. Önnur safnfræðsla var engin.

Kassar með völdum bókum eru í hverri stofu 1.-7. bekkjar.

Samkvæmt skýrslum frá Landskerfum voru lánuð (nemendum og kennurum) 3.412 (4.340) (5170) eintök fyrir hádegi árið 2013.

9.246 eintök af annarlánsbókum (námsbókum) eru tengd við Gegni.

Dagleg notkun

Meðaltal heimsókna eftir kl. 15, hvern dag sem var opið, var sem hér segir:

Yfir vetrartímann; 6,3 fullorðnir og 1,6 börn (var 7 og 5 árið 2004).

Á sumrin einn fimmtudag í viku; 4,5 fullorðnir og 1,8 börn (var 14,8 og 4,3 árið 2012).

Fyrri hluti ágúst er nú talinn með í vetrartíma.

Útlán á hvern fullorðinn voru 2,8 eintök í hverri heimsókn. Voru 3,6 árið 2004.

Aðsókn almennra notenda og gesta stendur í stað en heimsóknir foreldra og eldri barna á bókasafnið hafa verið í algjöru lágmarki undanfarin ár. Það er von okkar að skýringin sé meiri bókaeign á heimilum. Athuga ber að heimsóknir barna á skólaaldri eru nær eingöngu á skólatíma og er þörf þeirra fyrir lesefni að mestu fullnægt með því. Flest börn sem koma á bókasafnið eftir kl. 15 eru ekki komin á grunnskólaaldur. Samanlagðar tölur fyrir nemendur og starfsfólk grunnskólans **og** almenning eru á svipuðu róli og hjá almenningsbókasöfnum landsins sem **ekki** þjóna grunnskólum. Það þýðir að fjöldi útlána og heimsókna á Bókasafn Grundarfjarðar er í lægri kantinum miðað við meðaltal. Eftir að bókasafnið flutti í Sögumiðstöðina 7. október 2013 mátti sjá aukningu í heimsóknum og gáfu gestir sér oftár tíma til að sitja í rólegheitum í stofunni. Sjá töflur neðst.

Kannanir sýna að málvitund og orðaforði barna sem lesið er fyrir fyrsta áratuginn eykst.

Sjá bæklinginn *Leggjum börnum lið ... við læsi*:

<http://www.heimilioskoli.is/media/files/1198892159/Lestur.pdf>



Aðstaða og þjónusta

Bókasafnið var flutt í Sögumiðstöðina að Grundargötu 35 frá Borgarbraut 16. Í Sögumiðstöð er upplýsingaþjónusta við ferðamenn og kaffihús á sumrin og sýningar muna og mynda frá fyrri hluta 20. aldar sem eiga að minna á tímann þegar þéttbýlið var að myndast. Bæringsstofa er ljósmyndasafn Bærings Cecilssonar sem ljósmyndaði mannlíf og umhverfi nánast frá upphafi þéttbýlismyndunar í Grundarfirði um 1940. Þar má skoða ljósmyndir og kvikmyndir og góð aðstaða fyrir fyrirlestra.

Þjónusta við framhaldsskóla- og háskólanema og millisafnalán hefur minnkað. Í nokkrum tilfella var hægt að vísa á efni á Tímarit.is eða Google Books. Námsmenn hafa notað sér aðstöðu til náms á bókasafninu.

Hægt er að bjóða upp á þjónustu við nýja íbúa með annað móðurmál en íslensku. Pólskar barna- og unglingabækur er hægt að fá í millisafnaláni frá Bókasafni Reykjaneshæjar. Eftirspurn er óveruleg.

Stofnanir í Smiðjunni og Sögumiðstöð flokka í endurnýtanlegt efni (grænu tunnuna).



Viðburðir og verkefni

- **Sögustólinn** nýttist vel í sögustundum grunnskólans. Hver unglingur eða fullorðinn sem sest í sögustólinn þarf að segja eða lesa sögu ef börn eru viðstödd.
- **Fráteknar stundir** til að hittast. Er ekki notað sérstaklega.
- **Bangsadagurinn** 27. okt. Engin dagskrá.
- **Rökkurdagar** eru í nóvember.
- **Norræna bókasafnavikan** (<http://www.bibliotek.org/>). Þema ársins 2013 var *Vetur á Norðurlöndum*. Teknar voru fram bókmenntir tengdar vetrinum. **Dagur íslenskrar tungu** er í vikunni, 16. nóv.
- Almenningsbókasafnið tekur á móti **elstu börnum** Leikskólans Sólvöllum (<http://leikskoli.grundarfjordur.is/>) vikulega í sex skipti.
- Bókasafnið veitir nemendum **Fjölbrautaskóla Snæfellinga** (<http://fsn.is/>) og öðrum nemendum úr byggðarlaginu aðstoð og fyrirgreiðslu eftir föngum. Opið var aukalega tvisvar í viku á Borgarbrautinni. Í Sögumiðstöð er bókasafnið opnað fyrr, kl. 14, sem er hagstætt fyrir FSN nemendur.
- **Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla** hafði aðstöðu fyrir nokkra glerskápa á Borgarbraut 16 til að sýna gamla muni.
- **Bókaverðlaun barnanna**. Börn 6-12 ára gátu kosið um bók ársins fyrir 20. september en Borgarbókasafnið sér um Bókaverðlaun barnanna. Myndir af bókum ársins eru á veggspjöldum sem hanga uppi í grunnskóla og bókasafni nokkra mánuði á undan. Dregið var úr innsendum seðlum í vali barna á bestu barnabók ársins 2010 í Grundarfirði og hlutu Alexander Freyr Ágústsson úr 1.-3. bekk og Ragnheiður Arnarsdóttir úr 4.-6. bekk verðlaun sem afhent voru á opnum húsi í Sögumiðstöðinni í nóvember í tilefni af flutningunum.
- **Vika bókarinnar** er í kringum alþjóðlegan **Dag bókarinnar** sem ber upp á 23. apríl, fæðingardag Halldórs Laxness.
- Jólágaman: Óvissujólabókapakkar til nokkurra fjölskyldna.

Bókasafn Grundarfjarðar
Borgarbraut 16, gengið inn að ofanverðu.
Sími 438 6425.
Netfang: bokasafn (hjá) grundarfjordur.is
Veffang: <http://www.grundarfjordur.is>

Sumartími er kl. 13-18 á fimmtudögum.
Opnunartímar frá 17. ágúst til 31. maí:
Safnið er opið kl. 15:00-18:00
Mánudaga – fimmtudaga.



Sundurliðun heimsóknna og þjónustu við lánþega 2006-2013:

Tegund þjónustu	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Framhaldsskólanemendur – aðstoð	42	96	108	=112	= 52	=69	=69	=35
Háskólanemendur – aðstoð	10	35	40	43	26	18	13	10
Lesið á safni utan opunar	3	2	1	2	6	4		17
Börn að 16 ára aldri – heimsókn	585	408	670	531	440	322	300	277
Fullorðnir – heimsóknir	1102	922	1124	1201	1238	1027	1055	1.070
Millisafnalán frá öðrum söfnum				57	94	88	16	9
Millisafnalán lánuð öðrum söfnum				2	6	7		
Setið í rólegheitunum - börn	56 (48)	65	111	60	38	31	59	33
Fullorðnir stoppa við	14 (31)	44	52	71	73	51	67	97
Leikskóli, 6 vikur í jan.-feb.	73	40	48	58	28+6	32+6	47	34
Starfsdeild FSN – Heimsóknir, vinna							66	34
Heimsent				5	13	8	11	8
Ferðamenn í Sögumiðstöð okt.-des.								14

Unnið úr skýrslum Landskerfa.

57 lánþegar utan 350 Grf.

Þar af 19 lánþega frá póstnúmerum 340, 355, 360 og Vestfjörðum

2.178 útlán til 4-23 ára og 104 eintök til framhaldsskóla- og háskólanema.

Árgangarnir 1970-1979 eru fjölmennastir af fullorðnum lánþegum og fengu 738 eintök að láni í Bókasafni Grundarfjarðar.

Heimsóknir gesta á Bókasafn Grundarfjarðar að Borgarbraut 16 (2012) og Sögumiðstöð (2013)

Samanburður árána 2012-2013

	2013-14				2012-13			
	Fullorðnir	Börn	FSN	Ferðamenn	Fullorðnir	Börn	FSN	
Okt	159	56		58	Okt	130	32	18
nóv	137	47	16	9	nóv	133	22	19
des	170	28	3	12	des	97	19	6
jan.14	162	17	12	2	jan.13	126	27	2
	628	148	31	81		486	100	45
Samtals	776					586		

Fjölgun milli ára 29% 48%
Heildarfjölgun 32,40%

Unnið í febrúar 2014 af Sunnu Njálisdóttur.